

# Guðbjörn Jónsson



Héraðsdómur Reykjavíkur

Hr. dómstjóri Ingimundur Einarsson

Reykjavík 15. maí 2014.

ERINDI: Þriðja kvörtun um brot á hlutleysi við framkvæmd réttarfars.

Ég harma það verulega að þessi stærsti héraðsdómur landsins skuli ekki hafa reisin eða sjálfsvirðingu til að svara kvörtunum frá ólöglerðum manni um alvarleg brot á stjórnarskrá, lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, lögum nr. 15/1998 um dómstóla og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, því dómarrar falla undir þau lög. Einnig virðast líkur benda til, miðað við framvindu og framgang meðferðar málsins nr. E-500/2014, að þar geti einnig verið um brot á 130. gr. hegningarlaga að ræða, hugsanlega bæði 1. og 2. mgr.

Það sem leiðir til ofangreindrar niðurstöðu minnar er eftirfarandi:

Þann 18. febrúar 2014, við þingfestingu máls míns, sem fékk númerið E-500/2014, var strax framið brot á 1. mgr. 7. gr. laga nr. 91/1991, því í dómarrasæti sat aðili sem ekki hafði dómarraréttindi. Annað brot sama þinghalds var að hafna eðlilegri beiðni minni um bókun í þingbók. Ég vildi hafna því að lögmaður staddur í þingsal þyrfti ekki að framvísa skriflegu umboði til að teljast fulltrúi stefnda, Sigurðar Erlingssonar forstjóra Íbúðalánasjóðs. Raunveruleikinn er hins vegar sá að í lögum nr. 91/1991 **er engin heimild fyrir stefnda til að senda fulltrúa fyrir sig við þingfestingu**. Nægir að benda á ákvæði í upphafi 96. gr. eml, þar sem segir:

**Nú sækir stefndi ekki þing þegar mál er þingfest og ekki er kunnugt að hann hafi lögmæt forföll, og skal þá málið tekið til dóms í þeim búningi sem það er**

Ég vek athygli á að þarna stendur skýrum stöfum að SÆKI STEFNDI EKKI ÞING. Hefði verið fyrir hendi heimild fyrir stefnda að senda fyrir sig fulltrúa, við þingfestingu, stæði í lögnum **stefndi eða fulltrúi hans**. Ákvæði 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 var því brotið við þingfestinguna.

Af framangreindri ástæðu mótmæli ég við þingfestinguna að Tryggvi Viggósson hdl væri viðurkenndur sem mættur fyrir stefnda. Óskaði ég að það yrði bókuð í þingbók en því var hafnað. Var þar framið þriðja brotið á mér en 2. málsliður 2. mgr. 11. gr. laga nr. 91/1991 segir að:

**Einnig er rétt að bóka um yfirlýsingar af hendi aðila sem hafa ekki komið fram skriflega.**

Samkvæmt RÉTTRI framkvæmd þinghaldsins 18. febrúar 2014, **bar dómstólnum**, eins og segir í 1. mgr. 96. gr. eml, að þegar stefndi mætir ekki **skal þá málið tekið til dóms í þeim búningi sem það er**. **Stefndi mætti ekki** sem átti þá samkvæmt 2. málslið 2. mgr. 11. gr. eml, **að þýða útivistardómur**. Að þessu leyti var einnig í fjórða sinn brotið á rétti mínum en þeim aðila **SEM EKKI MÆTTI TIL ÞINGFESTINGAR** var veittur frestur til 15. apríl til að skila greinargerð.

Mér telst til að aðra hverja mínútu sem ég var við dómarraborð við þingfestingu máls míns, hafi verið brotið á réttindum mínum. ÞAÐ er nokkuð vel í lagt.

Við þinghald 15. apríl 2014 voru eiginlega framin öll sömu brotin og við hið fyrra þinghald. **Enginn dómari var í þinghaldi** einungis aðstoðarmaður dómara. **Enginn mætti lögformlega fyrir stefnda** en Tryggvi Viggósson hdl SAGÐIST mæta fyrir einhvern Karl, en gat hvorki framvísað slíku umboði fyrir sig og ekkert umboð var heldur í málskjöllum frá stefnda, um að þessi Karl væri umboðsmaður hans. Ég fór fram á bókun varðandi þessi atriði en því var hafnað. Þegar ég ítrekaði ósk mína, meðvitaður um rétt minn, **hótaði hinn réttlausi aðili í dómarsæti að láta fjarlægja mig úr réttarsal ef ég færi ekki þegar í stað**. Ekki var búið að ljúka skráningu í þingbók svo ég ítrekaði enn að ég ætti rétt á þeirri bókun sem ég óskaði eftir. **Þá hringdi aðilinn í dómarsætinu í húsvörð og þegar hann kom, fékk hann fyrirmæli um að fjarlægja mig úr réttarsalnum**. Húsvörðurinn hafði raunar vit á að gera það ekki **en þarna framdi hinn réttlausi aðili í dómarsæti líklega hegningarlagabrot, til viðbótar öllum hinum brotunum**.

Í greinargerð sem Tryggvi Viggósson hdl skilaði til dómara, frá nefndum Karli, var aðalkrafa þessa Karls að málinu yrði vísað frá dómi. Ekkert lág þó fyrir að nefndur Karl væri fulltrúi stefnda.

Þann 5. maí 2014, fékk ég svo tölvupóst frá Jóni Finnbjörnssyni héraðsdómara, þar sem ég var boðaður til fyrirtöku málsins nr. E-500/2014, þann 13. maí 2014, kl. 15:30 í dómssal 201.

Á tilsettum tíma þ. 13. maí 2014 mætti ég í dómssal 201. Í dómarsæti sat maður, án nafnmerkingar. Þó klukkan yrði 15:30 var réttur ekki settur fyrir en skömmu síðar þegar maður kom í salinn heilsaði dauflega án þess að kynna sig og settist í sæti stefnda. Þá sagði maðurinn í dómarsætinu. *Jæja nú getum við byrjað*, sló hamrinum í borðið og sagði **RÉTTUR SETTUR**. Eitthvað varð framhaldið vandræðalegt, svo ég rétti manninum í dómarsætinu skjal í tvíriti sem ég óskaði að leggja fram í málinu.

Þegar maðurinn í dómarsætinu fór að tauta um að finna nýja dagsetningu fyrir málflytning um frávísun varð ég nokkuð hissa. Sagðist ég hafa haldið að ég væri boðaður nú í þann málflytning. Var mér þá tjáð að það væri rangt hjá mér, **vinnureglan væri svona**. Svo fór maðurinn í dómarsætinu að ræða við manninn sem settist í sæti stefnda, sem ekki var enn farinn að kynna sig, eða maðurinn í dómarsætinu að kynna hann. Þessir tveir menn ræddu saman góða stund um heppilega dagsetningu á næstu fyrirtöku.

Þegar þeir höfðu fundið dagsetninguna tilkynnti maðurinn í dómarsætinu mér að næsta fyrirtaka yrði 25. júní kl. 10:00 í dómssal 201. Ekki var óskað álits míns á samráði þessara tveggja nafnlausu manna. Þegar hann hafði tilkynnt mér niðurstöðuna sló hann hamrinum aftur í borðið og sagði **RÉTTI SLITIÐ**.

Þegar ég var að klára að taka saman gögnin mín spurði ég manninn í dómarsætinu hvort þetta væri einhver sérstök aðferð til að auka kostnað við málsmeðferðina. Þá sagði hann við mig með miklum þjósti: **Gættu að hvað þú segir í réttarsal**. Vel meðvitaður um að lögfræðingar vinna ekki mikið án endurgjalds, varð mér enn betur ljóst hvar taugar þessa nafnlausu manns í dómarsætinu væru tengdar. Hann hafði skömmu áður átt gott samráðs samtal við hinn nafnlausu mann í sæti stefnda, svo augljóst var að ég var þarna einn á móti þeim tveimur. Ég var því greinilega ekki í hlutlausum réttarsal. **Enginn er enn farinn að spyrja mig hvort ég geti mætt í réttinum þann 25. júní 2014 kl. 10:00**. Kannski er ekkert endilega ætlast til að ég mæti, fyrst ekkert samráð var við mig haft um þessa dagsetningu.

**En var þá allt í lagi með framkvæmd þessa dómþings?** Ég ætlaði að ræða þau atriði við þennan nafnlausu mann í dómarsæti þegar fólkið sem var viðstatt fyrirtökuna væri farið út. En ég hætti við það þegar ég heyrði undirtektir hans við hinni augljósu tekjuskrúfu fyrir lögmann stefnda sem hann var að hlaða á málið. En var þá eitthvað öðruvísi við þetta þinghald en átti að vera? Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 91/1991 segir svo:

**7. gr. 2. mgr. Þegar einn maður situr í dómi skal að jafnaði vera einn þingvottur. Hann skal fullnægja almennum vitnaskilyrðum og má ekki vera svo venslaður dómara, aðila, fyrirsvarsmanni eða málflytjanda sem segir d-lið 5. gr. Ef þingvottur er ekki starfsmaður dómstólsins ákveður dómari þóknun hans úr hendi aðila.**

**Það var nefnilega það.** Þetta var sem sagt þriðja fyrirtaka málsins. Nú líkega með skipuðum dómara í dómarsæti, þó ég viti það ekki, **EN ÞAÐ VAR ENGINN ÞINGVOTTUR**, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. eml, eins og að ofan er getið.

**Þetta þinghald, þ. 13. maí 2014 kl. 15:30 í dómssal 201 var þá ólöglegt, eins og hin fyrri.** Nafnlausu maðurinn í dómarsæti sýndi augljósa hlutdrægni og samstöðu með nafnlausum manni sem var í sæti stefnda. Hann sýndi hins vegar augljósa hlutlægni með stefnda en virti í engu rétt stefnanda. Þessu til viðbótar var enginn þingvottur viðstaddur, engin þingbók rituð, stefnanda var alla vega ekki fengið neitt afrit af þingskráningu. Fyrirtakan tók nálægt 4 mínútum, svo það lætur nærri að brotið hafi verið á mér á mínútu fresti þann tíma sem hún tók. Er það nokkuð gott afrek.

Ég gef mér það að hinn nafnlausu maður í dómarsæti hafi verið maðurinn sem sendi mér tölvupóstinn með boðun í fyrirtöku þann 13. maí 2014 og hafi hann því heitið Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari. Þennan mann **get ég alls ekki viðurkennt sem HLUTLAUSAN OG ÓHÁÐAN DÓMARA.** Hann sýndi svo augljósa hlutdrægni í þessu stutta réttarhaldi sem hann stýrði, **án lögskipaðs þingvottar.**

Í síðasta bréfi mínu óskaði ég eftir að þú hr. Dómstjóri, færðir mér rök fyrir því hvernig ég ætti að geta litið á dómstól þinn **sem hlutlausan og óháðan**, eftir tvö fyrstu þinghöldin. Þeirri spurningu hefur þú greinilega ekki treyst þér til að svara, sem virðist benda til að þú sért meðvitaður um hve mikið hefur verið brotið á mér. Ella hefðir þú mótmælt ásökunum mínum sem röngum staðhæfingum. Ég vænti þess að þú farir fram á við Innanríkisráðherra að **settur verði utandóms dómari til að fara með málið mitt**, því vart er hægt að reikna með hlutleysi dómara við þinn dómstól, þegar Dómstjórinn sjálfur treystir sér ekki til að vera óháður og hlutlaus.

Ég hef þegar pantað viðtal við Innanríkisráðherra og mun þar m. a. leita eftir því að **dómstóll þinn verði leystur frá frekari umfjöllun um málið mitt.** Geri ég það í þeirri von að ég þurfi ekki að kæra öll framangreind brot til Hæstaréttar. Því þrátt fyrir öll þessi sérkennilegu brot gegn rétti mínum, er ég ekki í hefndarhug, heldur finn hjá mér knýjandi löngun til að sjá hér háreistara réttarfar, þar sem manngildi og virðing eru mun verðmætari en valdhroki. Maður getur ekki annað en fundið fyrir djúpri sorg að upplifa hve réttarfar er komið langt frá stjórnarskrá, lögum og mannvirðingu, alla vega hér á suð-vestur horninu. Það er kominn tími til að snúa þessari þróun við.

Virðingarfyllst

Guðbjörn Jónsson

